

Reglur

um rafræn opinber gögn
og skil á þeim

Þjóðskjalasafn Íslands
Ágúst 2009

Reglur um rafræn opinber gögn og skil á þeim

**Þjóðskjalasafn Íslands
Ágúst 2009**

Reglur um rafræn opinber gögn og skil á þeim.
© 2009 Þjóðskjalasafn Íslands.

Reglurnar eru, ásamt viðaukum, þýddar og staðfærðar úr dönsku með leyfi danska ríkisskjalasafnsins.
Heiti regnanna á frummálinu:

- *Cirkulære om anmeldelse og godkendelse af elektroniske journaler og elektroniske dokumenthåndteringssystemer.* Cirkulære nr. 43 af 8. marts 2002.
- *Cirkulære om anmeldelse af statslige myndigheders elektroniske registre (databaser).* Cirkulære nr. 23 af 8. marts 2002.
- *Bekendtgørelse om arkiveringsversioner af bevaringsværdige data fra elektroniske arkivsystemer.* Bekendtgørelse nr. 342 af 11. marts 2004.

Umsjón útgáfu: Eiríkur G. Guðmundsson.
Prentun: Prentmet ehf.

Efnisyfirlit

Fylgt úr hlaði	4
Reglur um tilkynningu og samþykkt rafrænna skjalavörslukerfa afhendingarskyldra aðila til Þjóðskjalasafns Íslands	5
Reglur um tilkynningu rafrænna skráa og gagnagrunna afhendingarskyldra aðila til Þjóðskjalasafns Íslands	8
Reglur um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila til Þjóðskjalasafns Íslands	9
Viðaukar	11
Viðauki 1	
Efnisyfirlit viðauka	12
Viðauki 2	
Vörsluútgáfa af gögnum og skjölum gagnakerfis	13
Viðauki 3	
Gögn um vörsluútgáfu	18
Viðauki 4	
Nafngiftir, staðsetning og skráning á innihaldi vörsluútgáfunnar	26
Viðauki 5	
Afhendingarmiðill	32

Fylgt úr hlaði

Í rúman áratug hefur Þjóðskjalasafn Íslands undirbúið viðtöku og vörslu rafrænna gagna. Þar má einkum nefna, að samið var við danska ríkisskjalasafnið um notkun á aðferðafræði þess og hugbúnaði og í því sambandi að þjálfa fólk til starfa. Tvö tilraunaverkefni hafa verið leidd til lykta til prófunar á þessum aðferðum og hugbúnaði og mikilvæg reynsla fengist.

Ein af forsendum þess að Þjóðskjalasafn geti sett reglur og leiðbeiningar um rafræna skjalavörslu, var breyting á lögum um Þjóðskjalasafn. Alþingi samþykkti nauðsynlegar breytingar 12. september 2008 og lagði til auknar fjárheimildir til safnsins til að hrinda í framkvæmd því sem að málinu lýtur í Þjóðskjalasafni. Breyta þurfti lögunum svo að unnt væri að fá afhent rafræn gögn frá afhendingarskyldum aðilum meðan þau eru ung og líkleg til að vera heil. Miðað er við að taka til Þjóðskjalasafns rafræn skjöl þegar þau eru orðin fimm ára en gögn úr gagnagrunnum frá eins árs aldri gagnanna allt eftir því hvernig gögn verða til, þeim breytt eða eytt. Skil á pappírsgögnum miðast eftir sem áður við 30 ár.

Þær reglur um rafræna skjalavörslu afhendingarskyldra aðila, sem hér birtast, taka til allra aðila sem teljast skilaskyldir sbr. 5. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 og gildir því bæði fyrir ríki og sveitarfélög. Í hagræðingarskyni og vegna þess hve viðfangsefnið er flókið og krefst mikillar sérþekkingar mun Þjóðskjalasafn taka við og varðveita rafræn gögn ríkis og sveitarfélaga. Þau verða síðar gerð aðgengileg hjá héraðsskjalasöfnum þar sem það á við.

Reglurnar eru þrenns konar:

- Reglur um tilkynningu og samþykkt rafrænna skjalavörslukerfa afhendingarskyldra aðila til Þjóðskjalasafns Íslands
- Reglur um tilkynningu rafrænna skráa og gagnagrunna afhendingarskyldra aðila til Þjóðskjalasafns Íslands
- Reglur um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila til Þjóðskjalasafns Íslands

Leiðbeiningar með reglunum verða gefnar út síðar á þessu ári og námskeið haldin í kynningarskyni. Vænti ég þess að vel gangi að koma þessum reglum í framkvæmd og tryggja þar með margvísleg réttindi borgaranna og örugga vörslu opinberra gagna.

Ólafur Ásgeirsson
þjóðskjalavörður

Reglur um tilkynningu og samþykkt rafrænna skjalavörslukerfa afhendingarskyldra aðila til Þjóðskjalasafns Íslands

Gildissvið

1. gr.

Reglur þessar gilda um embætti forseta Íslands, Alþingi, Hæstarétt, dómstóla, Stjórnarráðið og þær stofnanir sem undir það heyra, svo og aðrar stofnanir ríkisins, fyrirtæki í eigu ríkisins, sveitarfélög og stofnanir þeirra og fyrirtæki á þeirra vegum, félagasamtök sem fá meirihluta rekstarfjár síns með framlagi á fjárlögum og félög sem njóta verulegs styrks af opinberu fé, sbr. 5. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands. Orðið afhendingaraðili er hér notað yfir alla þá sem reglur þessar taka til skv. ofangreindum lögum.

2. gr.

Reglurnar gilda um eftirfarandi rafræn skjalavörslukerfi:

1. Kerfi með rafræna skráningu á málum og skjölum og með varðveislu allra skjala á pappír, þ.e. rafræn dagbókarkerfi.
2. Kerfi með rafræna skráningu á málum og skjölum og varðveislu á skjölum bæði á pappír og rafrænt, þ.e. rafræn mála- og skjalavörslukerfi.
3. Kerfi með rafræna skráningu á málum og skjölum og rafræna varðveislu á öllum skjölum, þ.e. rafræn mála- og skjalavörslukerfi.

Tilkynning

3. gr.

Afhendingaraðilar skulu tilkynna kerfi sem nefnd eru í 2. gr. til Þjóðskjalasafns Íslands. Tilkynna skal kerfin þegar:

1. Skjalavörslutímabil rennur út.
2. Grundvallarbreyting verður á leitaráðferðum kerfisins.
3. Grundvallarbreyting verður á notkunarsviði kerfisins.
4. Grundvallarbreyting verður á innihaldi skráningarhluta kerfisins.
5. Farið er að varðveita skjöl að hluta eða öllu leyti rafrænt.

Tilkynna skal ný kerfi eigi síðar en 3 mánuðum áður en þau eru tekin í notkun. Kerfi sem verður notað af fleiri en einum afhendingaraðila skal tilkynnt af aðila sem stendur fyrir innleiðingu, þróun og viðhaldi kerfisins.

4. gr.

Tilkynna skal kerfið á eyðublaði frá Þjóðskjalasafni Íslands. Með tilkynningu skal leggja fram:

1. Lýsingu á leitaráðferðum.
2. Notkunarreglur fyrir kerfið.
3. Tæknilega lýsingu á gagnauppbyggingu kerfisins.

Ef kerfið verður ekki notað sem venslagagnagrunnur skal með tilkynningunni einnig fylgja greinargerð um hvernig hægt er að útbúa vörsluútgáfu sem venslagagnagrunn skv. gildandi reglum um afhendingu vörsluútgáfu gagna úr rafrænum gagnakerfum opinberra aðila til Þjóðskjalasafns Íslands.

Samþykki

5. gr.

Kerfi má ekki taka í notkun fyrr en samþykki Þjóðskjalasafns Íslands liggur fyrir. Þegar Þjóðskjalasafn samþykkir kerfi til notkunar ákveður það jafnframt hvenær afhenda skal vörsluútgáfu gagna úr kerfinu til safnsins.

Afmörkun

6. gr.

Notkunarvið rafræns skjalavörslukerfis sem getið er í 2. gr. verður að vera skipulagslega og efnislega afmarkað.

Fyrir kerfi sem nefnt er í 2. tölul. 2. gr., skulu jafnframt gilda þessi skilyrði:

1. Það verður að vera skýr skipulagsleg eða efnisleg afmörkun á þeim sviðum/skjalaflokkum þar sem um er að ræða pappírsskjalavörslu og á þeim sviðum/skjalaflokkum þar sem skjalavarslan er rafræn.
2. Yfirfærsla frá pappírsskjalavörslu til rafrænnar skjalavörslu verður að gilda um öll skjöl og mál innan viðkomandi sviðs /skjalaflokks og að gilda frá sama degi.

7. gr.

Rafræn skjalavörslukerfi skulu skiptast í skjalavörslutímabil sem eru u.þ.b. 5 ár að lengd.

8. gr.

Hefja skal nýtt skjalavörslutímabil í rafrænu skjalavörslukerfi þegar:

1. Yfirstandandi skjalavörslutímabili lýkur.
2. Grundvallarbreyting verður á leitaraðferðum.
3. Grundvallarbreyting verður á notkunarviðinu.
4. Grundvallarbreyting verður á uppbyggingu og innihaldi skráningarhlutans.

Skipulag og rekstur

9. gr.

Rafrænt skjalavörslukerfi verður að vera skipulagt með þeim hætti að hægt sé að finna með nákvæmni og með fullnægjandi hætti hvert skjal sem tilheyrir tilteknu máli.

Afhendingaraðili skal, þegar kerfi er tilkynnt, gera grein fyrir því hvernig hægt verður að finna í vörsluútgáfu skjöl sem tilheyra sama máli.

10. gr.

Í kerfum skv. 2. og 3. tölul. 2. gr., skal tilgreina vistunarsnið hvers skjals.

11. gr.

Í skjalavörslukerfi, sem notað er af fleiri en einum afhendingaraðila, skal í skráningu máls og skjals koma fram hvaða afhendingaraðili það er sem skráir mál eða skjal. Þegar viðhöfð er deildaskipt skjalavarsla, í kerfi sem nefnt er í 1. og 2. tölul. 2. gr., skal í skráningu máls og skjals koma fram hvaða deild það er sem skráir mál eða skjal.

12. gr.

Afhendingaraðili á að semja reglur um notkun hvers rafræns skjalavörslukerfis þar sem skráð eru skjöl sem afhendingaraðili notar, myndar eða tekur við. Notkunarreglur eiga að stuðla að góðri og öruggri skjalavörslu og skulu innihalda m.a.:

A. Fyrir öll kerfi skal semja:

1. Lýsingu á leitaraðferðum og reglum um notkun þeirra.

B. Fyrir kerfi sem nefnd eru í 1. tölul. 2. gr., skal einnig semja:

1. Lýsingu á vinnuferli við frágang og vörslu mála og skjala.

C. Fyrir kerfi sem nefnd eru í 2. og 3. tölul. 2. gr., skal semja:

1. Lýsingu á skönnunarferli.
2. Lýsingu á ferli skráningar og varðveislu skjala sem ekki eru skönnuð eða eru aðeins skönnuð að hluta.
3. Lýsingu á sniði skjala sem varðveitt eru í kerfinu.
4. Lýsingu á framkvæmd þess þegar sniði skjala er breytt í snið vörsluútgáfunnar, hér með talin lýsing á framkvæmd milliliðalausrar yfirfærslu í snið vörsluútgáfu, þar sem slíkt er nauðsynlegt til að tryggja varðveislu.

Gildistaka

13. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 3. tölul. 4. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands. Þær taka gildi 1. ágúst 2009.

Reglur um tilkynningu rafræna skráa og gagnagrunna afhendingarskyldra aðila til Þjóðskjalasafns Íslands

Gildissvið

1 gr.

Reglur þessar gilda um embætti forseta Íslands, Alþingi, Hæstarétt, dómstóla, Stjórnarráðið og þær stofnanir sem undir það heyra, svo og aðrar stofnanir ríkisins, fyrirtæki í eigu ríkisins, sveitarfélög og stofnanir þeirra og fyrirtæki á þeirra vegum, félagasamtök sem fá meirihluta rekstarfjár síns með framlagi á fjárlögum og félög sem njóta verulegs styrks af opinberu fé, sbr. 5. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands. Orðið afhendingaraðili er hér notað yfir alla þá sem reglur þessar taka til skv. ofangreindum lögum.

2. gr.

Reglurnar gilda um rafrænar skrár og gagnagrunna sem eru notaðir til þess að mynda, safna og geyma upplýsingar sem verða til við starfsemi afhendingaraðila. Reglurnar taka ekki til rafræna dagbókarkerfa og rafræna mála- og skjalavörslukerfa.

Tilkynning

3. gr.

Afhendingaraðili skal tilkynna nýja rafræna skrá eða gagnagrunn til Þjóðskjalasafns Íslands.

Tilkynning skal berast Þjóðskjalasafni eigi síðar en tveimur vikum áður en rafræna skráin eða gagnagrunnurinn er tekinn í notkun. Þegar rafræn skrá eða gagnagrunnur er notaður af fleiri en einum aðila, skal sá aðili tilkynna hann, sem hefur forgöngu um innleiðingu hans, þróun og viðhald.

4. gr.

Tilkynna skal rafrænar skrár og gagnagrunna á eyðublaði frá Þjóðskjalasafni Íslands.

Mat á vörslu eða grisjun

5. gr.

Þjóðskjalasafn Íslands tekur ákvarðanir um hvort rafræn skrá eða gagnagrunnur skuli varðveittur og ákveður jafnframt hvenær afhenda skal vörsluútgáfu gagna úr kerfinu til safnsins.

Gildistaka

6. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 3. tölul. 4. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands. Þær taka gildi 1. ágúst 2009.

Reglur um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila til Þjóðskjalasafns Íslands

Gildissvið

1. gr.

Reglur þessar gilda um embætti forseta Íslands, Alþingi, Hæstarétt, dómstóla, Stjórnarráðið og þær stofnanir sem undir það heyra, svo og aðrar stofnanir ríkisins, fyrirtæki í eigu ríkisins, sveitarfélög og stofnanir þeirra og fyrirtæki á þeirra vegum, félagasamtök sem fá meirihluta rekstarfjár síns með framlagi á fjárlögum og félög sem njóta verulegs styrks af opinberu fé, sbr. 5. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands. Orðið afhendingaraðili er hér notað yfir alla þá sem reglur þessar taka til skv. ofangreindum lögum.

Reglurnar gilda um afhendingu á vörsluútgáfum rafrænna skráa, rafrænna gagnagrunna, rafrænna dagbókarkerfa og rafrænna mála- og skjalavörslukerfa. Hugtakið gagnakerfi er hér notað sem samheiti allra þessara rafrænu kerfa og skráa.

Vörsluútgáfa

2. gr.

Gögnum úr gagnakerfum, sem tilgreind eru í 1. grein og ákveðið hefur verið að varðveita, skal fyrir afhendingu breytt í vörsluútgáfu sem er óháð tölvukerfum.

Vörsluútgáfu skal búa til eftir þeim leiðbeiningum og fyrirmælum sem Þjóðskjalasafn Íslands mælir fyrir um, sbr. viðauka 2-5.

3. gr.

Vörsluútgáfa rafræns dagbókarkerfis og mála- og skjalavörslukerfis tekur til:

1. Gagna og rafrænna skjala, ef um þau er að ræða, úr kerfi þar sem skjalavörslutímabili er lokið og gögnum ekki lengur breytt eða bætt við.
2. Stöðuafrits af gögnum og hugsanlegum skjölum kerfis þar sem upplýsingum er enn breytt eða bætt við.

4. gr.

Vörsluútgáfa rafrænnar skrár eða gagnagrunns getur verið:

1. Ein stök afhending gagna úr skrá/gagnagrunni þar sem upplýsingum er ekki lengur breytt eða bætt við.
2. Árleg afhending gagna úr skrá/gagnagrunni þar sem ekki er breytt eða bætt við gögnum í afhentum árgöngum.
3. Stöðuafrit af gögnum úr skrá/gagnagrunni þar sem gögnum er jafnaðarlega breytt eða bætt við (safnskrárafhending).

5. gr.

Sérhverri vörsluútgáfu skulu, auk gagna úr gagnakerfinu og rafrænna skjala, ef um þau er að ræða, fylgja upplýsingar um skjalamyndara og almennar upplýsingar um vörsluútgáfuna.

6. gr.

Gögn skal flytja yfir í vörsluútgáfu eigi síðar en þegar eyða má gögnunum samkvæmt reglum sem um það gilda eða þegar gögnin eru ekki lengur notuð í stjórnsýslulegum tilgangi.

Vörsluútgáfur gagna úr rafrænum gagnakerfum skulu prófaðar og samþykktar af Þjóðskjalasafni Íslands. Afhendingaraðili má ekki eyða gögnum, sem fara í kerfisóháðu vörsluútgáfuna, fyrr en Þjóðskjalasafn hefur samþykkt afhendingu á þeirri vörsluútgáfu.

Afhending

7. gr.

Vörsluútgáfum skal skilað til Þjóðskjalasafns Íslands á þeim fresti sem það ákveður.

8. gr.

Þjóðskjalasafn Íslands ákveður hvernig og með hvaða hætti gögnum er skilað úr rafrænum gagnakerfum, sbr. 3.-4. gr.

Gildistaka

9. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 3. tölul. 4. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands. Þær taka gildi 1. ágúst 2009.

VIÐAUKAR

Efnisyfirlit viðauka

Viðauki 2 – Vörsluútgáfa af gögnum og skjölum gagnakerfis

- A. Stafatafla
- B. Gagnasnið
- C. Rafræn skjöl
- D. Hljóð- og myndskleið
- E. Töflugerð
- F. Dulritun
- G. Þjöppun
- H. Venslaðir gagnagrunnar
- I. Lyklavæði
- J. Einkvæmt auðkenni skjala
- K. Merkingarbært skipulag
- L. Skjöl sem tengjast sama máli

Viðauki 3 – Gögn um vörsluútgáfu

- A. Almennar upplýsingar um hlutverk, skipan og virkni rafræns gagnakerfis
- B. Upplýsingar um töflur vörsluútgáfunnar (lýsigögn)
- C. SQL- fyrirspurnir

Viðauki 4 – Nafngiftir, staðsetning og skráning á innihaldi vörsluútgáfunnar

- A. Innihald vörsluútgáfu
- B. Almenn um nafngiftir skráa og skráasafna
- C. Almenn um staðsetningu skráa og skráasafna
- D. Vörsluútgáfa af töflum gagnakerfisins
- E. Vörsluútgáfa af skjölum úr rafrænum mála- og skjalavörslukerfum
- F. Almennar upplýsingar
- G. Lýsigögn
- H. Hjálpartöflur

Viðauki 5 – Afhendingarmiðill

Vörsluútgáfa af gögnum og skjölum gagnakerfis

Rafrænum gagnakerfum skal fyrir afhendingu umbreytt í vörsluútgáfu sem er óháð tölvukerfum.

A. Stafatafla

Í töflum og lýsigögnum vörsluútgáfunnar skal nota stafamengi samkvæmt staðlinum ISO 8859-1:1987, Latin 1:

ISO 8859 Latin 1

	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	A	B	C	D	E	F
0																
1																
2	SP	!	"	#	\$	%	&	'	()	*	+	,	-	.	/
3	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	:	;	<	=	>	?
4	@	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K	L	M	N	O
5	P	Q	R	S	T	U	V	W	X	Y	Z	[\]	^	_
6	`	a	b	c	d	e	f	g	h	i	j	k	l	m	n	o
7	p	q	r	s	t	u	v	w	x	y	z	{		}	~	
8																
9																
A	^{NB} ^{SP} ¡	¢	£	¤	¥	¦	§	¨	©	ª	«	¬	-	®	¯	
B	°	±	²	³	´	µ	¶	·	¸	¹	º	»	¼	½	¾	¿
C	À	Á	Â	Ã	Ä	Å	Æ	Ç	È	É	Ê	Ë	Ì	Í	Î	Ï
D	Ð	Ñ	Ò	Ó	Ô	Õ	Ö	×	Ø	Ù	Ú	Û	Ü	Ý	Þ	ß
E	à	á	â	ã	ä	å	æ	ç	è	é	ê	ë	ì	í	î	ï
F	ð	ñ	ò	ó	ô	õ	ö	÷	ø	ù	ú	û	ü	ý	þ	ÿ

Leyfilegu táknin eru í hvítu reitunum.

Í lýsigögnum og textagerðum skjala mega auk þess vera tákni/stýritáknin CR, LF og TAB. Eftirfarandi tugatölugildi skal nota fyrir þessi stýritákn:

CR	LF	TAB
13	10	09

B. Gagnasnið

Gögnum í töflum vörsluútgáfunnar skal lýst með gagnatögum samanber ISO 6093:1985 staðalinn fyrir gagnatögin num, real og exp og samanber ISO 8601:1993 staðalinn fyrir gagnatögin date, time og timestamp.

Framsetning talna skal fylgja ISO-staðli 6093:1985, „Information processing Representation of numerical values in character strings for information interchange“.

Framsetning á dagsetningu, tímasetningu og tímastimpils skal fylgja staðlinum (í danskri útgáfu) DS/ISO 8601:1993, „Dataelementer og udvekslingsformater - Informationsudveksling - Angivelse af dato og tid“.

Framsetning	Heiti	Stutt lýsing
NUM	Heiltala	Framsetning heiltölu með eða án formerkis samkvæmt staðlinum DS/ISO 6093:1985 (NR1).
REAL	Tugatala	Framsetning tugatölu með eða án formerkis samkvæmt staðlinum DS/ISO 6093:1985 (NR2).
EXP	Veldisvísir	Framsetning tugatölu sem veldisvísir samkvæmt staðlinum DS/ISO 6093:1985 (NR3).
STRING	Textastrengur	Strengur er samfelld röð tákna þar sem tákn er skilgreint samkvæmt staðlinum ISO 8859-1:1987. (Sjá viðauka 2, atriði A).
DATE	Dagsetning	Ritun dagsetningar, samkvæmt staðlinum DS/ISO 8601:1993.
TIME	Tímasetning	Ritun tímasetningar, samkvæmt staðlinum DS/ISO 8601:1993.
TIMESTAMP	Tímastimpill	Ritun tíma- og dagsetningar, sniðin samkvæmt staðlinum DS/ISO 8601:1993.

NUM

Heiltala er skilgreind eftir NR1 í staðlinum ISO 6093:1985.

NUM	::=	NR1
NR1	::=	{bil} ({bil} [formerki] tala {tala})
bil	::=	SPACE
tala	::=	"0" "1" "2" "3" "4" "5" "6" "7" "8" "9"
formerki	::=	"+" "-"

REAL

Tugatala er skilgreind eftir NR2 í staðlinum ISO 6093:1985.

REAL	::=	NR2
NR2	::=	formerkislaus-NR2 formerkis-NR2
formerkislaus-NR2	::=	{bil} tala {tala} tugabrotstákn {tala} {bil} {tala} tugabrotstákn tala {tala}
formerkis-NR2	::=	{bil} [formerki] tala {tala} tugabrotstákn {tala} {bil} [formerki] {tala} tugabrotstákn tala {tala}
bil	::=	SPACE
tala	::=	"0" "1" "2" "3" "4" "5" "6" "7" "8" "9"
tugabrotstákn	::=	"," "."
formerki	::=	"+" "-"

EXP

Tugatölutegund er skilgreind eftir NR3 í staðlinum ISO 6093:1985 fyrir veldisvísaritun.

EXP	::=	NR3
NR3	::=	formerkislaus-NR3 formerkis-NR3
formerkislaus-NR3	::=	{bil} tölukjarni veldisvísimerking veldisvísir
formerkis-NR3	::=	{bil} [formerki] tölukjarni veldisvísimerking veldisvísir
tölukjarni	::=	(tala {tala} tugabrotstákn {tala}) ({tala} tugabrotstákn tala {tala})
veldisvísir	::=	[formerki] tala {tala}
bil	::=	SPACE
tala	::=	"0" "1" "2" "3" "4" "5" "6" "7" "8" "9"
formerki	::=	"+" "-"
tugabrotstákn	::=	"," "."
veldisvísimerking	::=	"E" "e"

STRING

Strengur er samfelld röð stafa sem skilgreindir eru samkvæmt staðlinum ISO 8859-1:1987, „Information processing - 8-bit single-byte coded graphic character sets - Part 1: Latin alphabet No. 1“. Textinn skal vera vinstrijafnaður.

DATE

Dagsetningar skulu vera samkvæmt staðlinum DS/ISO 8601:1993 eins og hér er sýnt:

DATE	::=	CC YY MM DD
CC	::=	tala tala
YY	::=	tala tala
MM	::=	tala tala
DD	::=	tala tala
tala	::=	"0" "1" "2" "3" "4" "5" "6" "7" "8" "9"

CCYYMMDD (þar sem CC = öld, YY = ár, MM = mánuður og DD = dagur).

TIME

Tími skal vera samkvæmt staðalinum DS/ISO 8601:1993 eins og hér er sýnt:

TIME	::=	HH MM SS KOMMA SEKÚNDUBROT
HH	::=	tala tala
MM	::=	tala tala
SS	::=	tala tala
KOMMA	::=	","
SEKÚNDUBROT	::=	tala {tala}
tala	::=	"0" "1" "2" "3" "4" "5" "6" "7" "8" "9"

HHMMSS,S (þar sem HH=klukkustundir, MM=mínútur, SS=sekúndur, aðskildar með "," (kommu), S=tíundi hluti úr sekúndu).

TIMESTAMP

Tímastimpill (dag- og tímasetning) skal vera samkvæmt staðalinum DS/ISO 8601:1993 eins og hér er sýnt:

TIMESTAMP	::=	DATE SEPARATOR TIME
DATE	::=	Sjá EBNF fyrir DATE
SEPARATOR	::=	"T"
TIME	::=	Sjá EBNF fyrir TIME

CCYYMMDDTHHMMSS (þar sem CC = öld, YY = ár, MM = mánuður, DD = dagur, aðgreindur með "T", HH= klukkustundir, MM=mínútur og SS=sekúndur).

EBNF setningaskipun fyrir gagnatög:

- ::= skilgreint sem.
- () sýnir hóp sem á að hanga saman.
- [] sýnir tvo möguleika (0 eða 1).
- { } sýnir hugsanlega endurtekningu (0 eða fleiri).
- | sýnir val (annað hvort).

C. Rafræn skjöl

1. Rafræn skjöl skal vista í grafíska sniðinu TIFF, útgáfa 6.0 baseline, single page eða multiple page.
2. Svart/hvít skjöl skal þjappa með CCITT/TSS flokk 4, PackBit eða LZW.
3. Skjöl með grátónum eða litum skal þjappa með PackBit eða LZW.
4. Eigin skjöl og innkomin skjöl sem hafa verið OCR lesin skal, í viðbót við liði 1-3, geyma á textaformi samkvæmt ISO 8859-1:1987, Latin 1, samanber viðauka 2, lið A.

D. Hljóð og myndskaið (vídeó)

1. Hljóðskaið skal vista samkvæmt staðlinum MP3 DS/EN ISO/IEC 11172-3.
2. Myndskeið skal vista samkvæmt staðlinum MPEG2 DS/EN ISO/IEC 13818-2.
3. Gæði myndskaiðs og hljóðs mega ekki minnka í tengslum við gerð vörsluútgáfu nema notkun tiltekins sniðs í vörsluútgáfu leiði það beinlínis af sér.

E. Töflugerð

1. Hver tafla í vörsluútgáfu skal vistuð eftir annarri eftirtaldrá aðferða:
 - a) Með fastri lengd á sviðum án skiltákna. Lengd sviða er gefin upp í lýsigögnum, sbr. viðauka 3, lið B.
 - b) Með breytilegri lengd á sviðum, þannig að lengd sviða er gefin upp í hausfærslu og lengd hausfærslunnar er gefin upp í lýsigögnum, sbr. viðauka 3, lið B.
2. Fyrir hverja töflu má einungis nota aðra af þeim aðferðum sem lýst er í lið 1 hér að ofan.

3. Lengd sviða má ekki vera meiri en 2048 stafir. Ef svið er lengra en 2048 stafir er litið á sviðið sem skjal og verður því að vera skráð og vistað eins og um sjálfstætt skjal sé að ræða. Ef svið, sem fer yfir 2048 stafi, er einungis hreinn texti má skipta því í nokkur samfelld svið hvert á fætur öðru þegar vörsluútgáfa er búin til.

F. Dulritun

Vörsluútgáfa rafrænna gagna má ekki innihalda dulritaðar upplýsingar.

G. Þjöppun

1. Vörsluútgáfa má ekki innihalda þjappaðar upplýsingar, sjá þó liði 2, 3 og 4 hér að neðan.
2. Skjöl sem afhendast á TIFF-sniði skulu þjöppuð, sbr. tilmæli í viðauka 2, lið C.
3. Hljóðskeið skal vista samkvæmt staðlinum MP3 DS/EN ISO/IEC 11172-3.
4. Myndskeið skal vista samkvæmt staðlinum MPEG2 DS/EN ISO/IEC 13818-2.

H. Venslaðir gagnagrunnar

1. Töflur vörsluútgáfunnar skulu vistaðar sem sérstakar skrár sem svara til einstakra taflna í töflugagnagrunni á 1. normalformi eða hærra, sjá þó lið 2.
2. Vörsluútgáfa gagnagrunna sem ekki er hægt að umbreyta á einfaldan hátt yfir í töfluform (t.d. stigveldisskipaðir gagnagrunnar), skal útbúin samkvæmt leiðbeiningum frá Þjóðskjalasafni Íslands.

I. Lyklavæði

Í vörsluútgáfu rafræns gagnakerfis skulu öll lyklavæði sem eru í skráningarhlutanum hafa einkvæmt auðkenni. Það mega ekki koma upp þær aðstæður að nauðsynlegt reynist að draga hluta lykla/svæða út til að skilja innihald eða hlutverk gagnakerfisins.

J. Einkvæmt auðkenni skjala

Í vörsluútgáfu gagna úr rafrænu mála- og skjalavörslukerfi skal hvert skjal hafa einkvæmt auðkenni.

K. Merkingarbært skipulag

Ef skjöl rafræns mála- og skjalavörslukerfis eru vistuð eftir merkingarbæru skipulagi, á við gerð vörsluútgáfu að breyta þessu skipulagi í eina eða fleiri töflur.

L. Skjöl sem tengjast sama máli

Virgni kerfis við að halda saman skjölum sem tengjast saman eftir málum skal færast yfir í vörsluútgáfu samkvæmt nánari leiðbeiningum Þjóðskjalasafns Íslands.

Gögn um vörsluútgáfu

A. Almennar upplýsingar um hlutverk, skipan og virkni rafræns gagnakerfis

1. Í öllum vörsluútgáfum eiga að vera skjöl með upplýsingum um hið rafræna gagnakerfi, um hlutverk þess, skipulag og virkni (almennar upplýsingar).
2. Þjóðskjalasafn Íslands ákveður eftir samráð við afhendingaraðila hvaða skjöl það eru sem afhenda skal safninu.
3. Skjöl á að vista í TIFF-sniðinu eins og tilgreint er í viðauka 2, lið C, nr. 1-3. Ef engin grafík er í skjölunum má þó í staðinn vista þau sem texta eins og tilgreint er í viðauka 2, lið C, nr. 4.

B. Upplýsingar um töflur vörsluútgáfunnar (lýsigögn)

1. Í hverri vörsluútgáfu eiga að vera rafrænar upplýsingar um töflur og vensl gagnakerfisins (lýsigögn).
 - a) Lýsigögn skulu vera í samræmi við XML staðalinn gerð 1.0 og með þeim skilgreiningum/táknum sem lýst er í EBNF skilgreiningunni, sbr. mynd 1.

Mynd 1. EBNF fyrir lýsigögn

- ::= skilgreint sem.
 () sýnir hóp sem á að hanga saman.
 [] sýnir 2 möguleika (0 eða 1).
 {} sýnir mögulega endurtekningu (0 eða fleiri).
 | sýnir val (annað hvort).
 !! sýnir ritaða lýsingu á almennri íslensku.

GAGNAGRUNNUR::=	HAUS TAFLA {TAFLA} {SAQ} "</arkiveringsversion>"
HAUS::=	"<?xml version="1.0" encoding="ISO-8859-1"?> <arkiveringsversion xmlns="SA_metadata" xmlns:xsi="http://www.w3.org/2001/XMLSchema-instance" xsi:schemaLocation="SA_metadata sa_md_11.xsd" sa_version="1.1"> "
TAFLA::=	"<tabel>" TÖFLUFYRIRSÖGN FÆRSLUTEGUND TÖFLUINNIHALD TÖFLUUPPLÝSINGAR "</tabel>"
TÖFLUFYRIRSÖGN::=	"<titel>" (D-TÁKN) { D-TÁKN } "</titel>"
FYRIRSÖGN::=	"<titel>" (BÓKSTAFUR TALA) {BÓKSTAFUR TALA "_"} "</titel>"
BÓKSTAFUR::=	"A" "B" ... "Z" "a" "b" ... "z"
TALA::=	"0" "1" "2" "3" "4" "5" "6" "7" "8" "9"
FÆRSLUTEGUND::=	"<posttype>" ("fast" "variabel") "</posttype>"
TÖFLUINNIHALD::=	REITUR LYKILSKILGREINING KÓTASKILGREINING {REITUR LYKILSKILGREINING KÓTASKILGREINING}
REITUR::=	"<feltdef>"FYRIRSÖGN GAGNATEGUND BREIDDREITS UPPLÝSINGARUMREIT [HLUTVERKREITS] "</feltdef>"
GAGNATEGUND::=	"<datatype>" ("num" "real" "exp" "string" "date" "time" "timestamp") "</datatype>"
BREIDDREITS::=	"<bredde>" TALA {TALA} "</bredde>"
UPPLÝSINGARUMREIT::=	"<feltinfo>" TÁKN {TÁKN} "</feltinfo>"
TÁKN::=	!! sjá viðauka 2 A – DS/ISO 8859-1:1987
D-TÁKN::=	!! sjá viðauka 4 B – D-tákn í ISO 9660:1988 þrep 1

HLUTVERKREITS::=	"<feltfunk>" ("sagsidentifikacion" "lagrinsform" "dokumentidentifikacion" "sagstitel" "afleveret" "dokumenttitel" "dokumentdato" "afsender/modtager" "myndighedsidentifikacion") "</feltfunk>"
LYKILSKILGREINING::=	AÐALLYKILL FRAMANDLYKILL
AÐALLYKILL::=	"<pn>" RAÐAÐURLISTI "</pn>"
RAÐAÐURLISTI::=	FYRIRSÖGN {FYRIRSÖGN}
FRAMANDLYKILL::=	"<fn>" RAÐAÐURLISTI VENSL FJÖLDATALA FJÖLDATALA "</fn>"
VENSL::=	"<fremmedtabel>" TÖFLUFYRIRSÖGN RAÐAÐURLISTI "</fremmedtabel>"
FJÖLDATALA::=	"<kardinalitet>" (TALA "m") "</kardinalitet>"
KÓTASKILGREINING::=	"<kodedef>" FYRIRSÖGN KÓTI KÓTI {KÓTI KÓTI } "</kodedef>"
KÓTI::=	"<kode>" TÁKN {TÁKN} "</kode>"
TÖFLUUPPLÝSINGAR	"<tabelinfo>" TÁKN {TÁKN} "</tabelinfo>"
SAQ::=	"<saq>" SAQUPPLÝSINGAR SAQGOGN "</saq>"
SAQUPPLÝSINGAR::=	"<saqinfo>" TÁKN {TÁKN} "</saqinfo>"
SAQGOGN::=	"<saqdata>" SAQSKILGREINING "</saqdata>"
SAQSKILGREINING::=	Sjá sérstakt EBNF um SAQSKILGREINING (liður C)

Skilgreining og nánari lýsing á EBNF fyrir lýsigögn:

- Ytri tilvitnunarmarkin, " ", eiga ekki að vera með í lýsigögnunum. Þau sýna texta sem á að skrifa án túlkunar, þar á meðal innri tilvitnunarmarki.
- Þegar töflufyrirsögn er notuð til að sýna fyrsta hluta skráarheitis samkvæmt ISO 9660:1988 þrep 1, má fyrirsögnin ekki vera lengri en 8 tákn.
- Aðgerðarrunan RAÐAÐURLISTI gerir ráð fyrir fastbundinni röðun.
- Þegar lykjar eru samsettir, skal röð reitafyrirsagna í <pn> og <fn> vera sú sama.
- Athugið, að vegna notkunar XML, má táknid "<" einungis notast við kóðun. Táknid "<" í merkingunni "minna en" innan kóðunarsvæðis á að tákna með "<". Að sama skapi má ekki nota táknid "&" í merkingunni "og". Þess í stað skal nota "&".
- Með hliðsjón af XML-staðlinum er leyfilegt að nota eftirfarandi jafngild tákn í kóðuðum texta:

Tákn	Ritháttur
>	>
'	'
"	"

- b) Þegar gildi í reit er kóti, svo sem táknun fasts og fastbundins gildis, skal útskýra kótana. Það skal gert með kótamörkuninni <kodedef>. Bil má ekki nota í kótaskilgreiningu.

2. Kótamerkja/-marka verður tilteknað upplýsingar fyrir rafræn dagbókarkerfi og rafræn mála- og skjalavörslukerfi. Fyrir rafræn gagnakerfi með skjölum á að kótamerkja svið/reiti sem innihalda upplýsingar sbr. mynd 4. Þessar upplýsingar skal auðkenna með reitnum *Hlutverkrets* í lýsigögnunum, sbr. myndir 2 og 3. Þær upplýsingar sem sýndar eru í mynd 4 skal kótamerkja að svo miklu leyti sem þær eru skráðar í kerfið. Ef upplýsingarnar í mynd 4 eru ekki skráðar í kerfinu þarf í tengslum við afhendingu að

ákveða hvort hugsanlega þurfi einhverjar aðrar kótamerkingar sem tryggi að hægt verði að finna skjöl sem tilheyra sama máli, samanber gildandi reglur um mál og skjöl.

Mynd 2. Auðkenni fastra upplýsinga í rafrænum dagbókarkerfum og rafrænum mála- og skjalavörslukerfum sem notuð eru af fleiri en einum afhendingaraðila

Upplýsingar	Lýsing	Gildi
Myndighedsidentifikasjon	Er notað til að auðkenna þann eða þá reiti í skjalavörslukerfinu sem geyma upplýsingar um hvaða afhendingaraðili skráði mál eða skjal.	

Mynd 3. Auðkenni fastra upplýsinga í rafrænum mála- og skjalavörslukerfum

Upplýsingar	Lýsing	Gildi
Dokumentidentifikasjon	Auðkenni skjals. Notað fyrir þann eða þá reiti í kerfinu sem lýsa sérstakri auðkenningu skjalsins.	
Lagringsform	Geymsluháttur. Notað fyrir þann eða þá reiti í kerfinu sem sýna hvort skjöl eru geymd á rafrænu formi, á pappír eða að hluta á pappír.	Rafrænt = 1, pappír = 2, að hluta á pappír = 3
Afleveret	Afhent. Notað í afhendingaraðferð B (sjá viðauka 4, lið H) til að auðkenna þann eða þá reiti í kerfinu sem sýnir hvort skjal hefur verið afhent áður í fyrri vörsluútgáfu.	Áður afhent = 1, Ekki afhent áður = 2

Mynd 4. Auðkenni upplýsinga í rafrænum dagbókarkerfum og rafrænum mála- og skjalavörslukerfum

Upplýsingar	Lýsing	Gildi
Sagsidentifikasjon	Auðkenni máls. Notað fyrir þann eða þá reiti í kerfinu sem lýsa sérstakri auðkenningu máls í vörsluútgáfu.	
Sagstitel	Málsheiti. Notað fyrir þann eða þá reiti í kerfinu sem innihalda nafn/nöfn máls.	
Dokumenttitel	Skjalaheiti. Notað fyrir þann eða þá reiti í kerfinu sem geyma heiti/lýsingu skjalanna.	
Dokumentdato	Dagsetning skjals. Notað fyrir þann eða þá reiti í kerfinu sem í eru upplýsingar um dagsetningu móttöku skjals, sendingar eða skráningar.	
Afsender/modtager	Sendandi/móttakandi. Notað fyrir þann eða þá reiti í kerfinu sem í eru upplýsingar um sendanda eða viðtakanda skjals.	

C. SQL-fyrirspurnir

Í lýsigögnum fyrir vörsluútgáfur allra gagnakerfa eiga að vera til leitarstrengir (SQL fyrirspurnir). Leitarstrengirnir eiga að byggja á notkun skjalamyndara á kerfinu sem vörsluútgáfan er unnin frá.

Út frá notkun skjalamyndara á kerfinu skal því búa til röð fyrirspurna í SQL fyrir 1-10 algengustu leitirnar (eða tilsvareandi leiðir að gögnum) sem falla að töflum vörsluútgáfunnar. Þessar SQL-leitarlóðir skal tilgreina í lýsigögnum.

Við fyrirspurnirnar í SQL er notaður útdráttur úr staðlinum SQL-92 („Information technology -Database languages – SQL“) - ISO/IEC 9075:1992 (E). Sbr. mynd 1. SA-SQL-92-EBNF.

Dönsk útgáfa á EBNF löguð að XML útgáfu 1.0 fyrir útdrátt úr SQL-92 sem nær yfir skipanirnar CREATE TABLE, INSERT, SELECT, og DROP TABLE; hér eftir stytt í SA-SQL-92-EBNF.

::=	skilgreint sem
STÓRIR BÓKSTAFIR	sýna frátekið orð í SQL
{ }	sýna flokkun
[]	sýna valfrjálst orð eða setningu í skilgreiningu
	sýnir val milli orða eða setninga í skilgreiningu
...	sýnir orð eða setningu sem má endurtaka. Sett beint á eftir því sem á að endurtaka
!!	sýnir útskýringu á venjulegri íslensku

Mynd 1. SA-SQL-92-EBNF

skili ::=	{ athugasemd bil nýlína }
booleþáttur ::=	[NOT] booleprófun
boolefrumtala ::=	segð (leitaraskilyrði)
boolesérheiti ::=	booleþáttur boolesérheiti AND booleþáttur
booleprófun ::=	boolefrumtala [IS [NOT] sanngildi]
tala ::=	0 1 2 3 4 5 6 7 8 9
dagsgildi ::=	formerkislausheiltala !! sniðið DD notað
gagnategund ::=	CHAR [(lengd)] VARCHAR (lengd) DECIMAL [(stafanákvæmni [, kvarða])] FLOAT [(stafanákvæmni)] INTEGER DATE
dagsetningarlesgildi ::=	DATE 'dagsetningargildi'
dagtímaþáttur ::=	dagtímafrumtala
dagtímalesgildi ::=	dagsetningarlesgildi
dagtímafrumtala ::=	gildiorðfrumtala dagtímigildifall
dagtímiserheiti ::=	dagtímaþáttur
dagtímigildifall ::=	!! föllin CURRENT_DATE, CURRENT_TIME,

	CURRENT_TIMESTAMP
dagtímigildiorð ::=	dagtímiserheiti
dagsetningargildi ::=	árgildi-mánaðargildi-dagsgildi
nákvæmttölulesgildi ::=	formerkislausheiltala [.formerkislausheiltala] .formerkislausheiltala
veldisvísir ::=	formerkisheiltala
einföldrómversktákn ::=	einföldrómversktáknstór einföldrómversktáknlítil
einföldrómversktáknlítil ::=	a b c d e f g h i j k l m n o p q r s t u v w x y z
einföldrómversktáknstór ::=	A B C D E F G H I J K L M N O P Q R S T U V W X Y Z
þáttur ::=	{+ -} tölulegframtala
leitarsegð ::=	EXISTS töfluundirfyrirspurn
tengslaskilyrði ::=	ON leitarskilyrði
tengslaskilgreining ::=	tengslaskilyrði nafngreinddálktengsl
tengslategund ::=	INNER {LEFT RIGHT FULL} [OUTER] UNION
tengdtafla ::=	millitengsl fjödatengsl (tengdtafla)
fyrirspurnarframtala ::=	ekkitengdfyrirspurnarframtala tengdtafla
fyrirspurnarskilgreining ::=	SELECT [mengjafjöldi] úrvalslisti töfluorð
fyrirspurnarsérheiti ::=	ekkitengtífrirspurnarsérheiti tengdtafla
fyrirspurnarorð ::=	ekkitengtífrirspurnarorð tengdtafla
formerkisheiltala ::=	{+ -} tala
formerkislaustlesgildi ::=	formerkislausttölulegtlesgildi almenntlesgildi
formerkislausttölulegtlesgildi ::=	nákvæmttölulegtlesgildi hérumbiltölulegtlesgildi
formerkislausheiltala ::=	tala...
formerkislausgildistáknun ::=	formerkislaustlesgildi
frásetning ::=	FROM töfluvísun [{, töfluvísun}...]
almenntlesgildi ::=	táknstrengslesgildi dagtímalesgildi !! Ath. sjá ábendingar um stafamengi í viðauka 2, lið A
almenntmengifall ::=	mengifalltegund ([mengjafjöldi] gildiorð)
flokkunarsetning ::=	GROUP BY dálktilvísun [{, dálktilvísun}...]
meðsetning ::=	HAVING leitarskilyrði
þarsemsetning ::=	WHERE leitarskilyrði
ekkitengtífrirspurnarorð ::=	ekkitengtífrirspurnarsérheiti fyrirspurnarorð {UNION EXCEPT} [ALL] [samsvarandiýsing] fyrirspurnarsérheiti
ekkitengdfyrirspurnarframtala ::=	einföldtafla (ekkitengtífrirspurnarorð)
ekkitengtífrirspurnarsérheiti ::=	ekkitengdfyrirspurnarframtala fyrirspurnarsérheiti INTERSECT [ALL] [samsvarandiýsing] fyrirspurnarframtala
innkotsskipun ::=	INSERT INTO töfluheiti [(dálkheitalisti)] töflugildishöfundur
ísegð ::=	raðgildishöfundur [NOT] IN ísegðargildi

ísegðargildi ::=	töfluundirfyrirspurn (ígildislisti)
ígildislisti ::=	gildiorð { , gildiorð}...
dálkskilgreining ::=	dálkheiti gagnategund
dálkheiti ::=	!! tækt heiti á dálki - má mest vera 18 stafir
dálkheitalisti ::=	dálkheiti [{ , dálkheiti}...]
dálktilvísun ::=	[{töfluheiti samnefni}.]dálkheiti
athugasemd ::=	--[-...] [tákn '] nýlína
millitengsl ::=	töfluvísun CROSS JOIN töfluvísun
líkindasegð ::=	tákngildiorð [NOT] LIKE tákngildiorð [ESCAPE tákngildiorð]
lengd ::=	formerkislausheiltala
tölukjarni ::=	nákvæmttölulesgildi
bil ::=	!! biltákn í viðkomandi stafamengi - hér ISO 8859-1
millisegð ::=	raðgildishöfundur [NOT] BETWEEN raðgildishöfundur AND raðgildishöfundur
samnefni ::=	!! tækt samnefni á töflu - má mest vera 18 stafir
fjöldatengsl ::=	töfluvísun [NATURAL] [tengslategund] JOIN töfluvísun [tengslaskilgreining]
fjöldasamanburðarsegð ::=	raðgildishöfundur { = != < > <= >= } ALL { ANY SOME } töfluundirfyrirspurn
mánaðargildi ::=	formerkislausheiltala !! sniðið MM notað
nafngreinddálktengsl ::=	USING (dálkheitalisti)
venjulegtáknun ::=	DEFAULT
núlltáknun ::=	NULL
núllsegð ::=	raðgildishöfundur IS [NOT] NULL
tölulegfrumtala ::=	gildiorðfrumtala tölulegtgildifall
tölulegtgildifall ::=	!! föllin POSITION IN, EXTRACT, CHAR_LENGTH
tölulegtgildiorð ::=	Sérheiti {tölulegtgildiorð {+ -} sérheiti}
nýlína ::=	!! nýlínustafur - hér bætisgildið 10
hérumbiltölulegtlesgildi ::=	tölukjarni E veldisvísir
stafanákvæmni ::=	formerkislausheiltala
raðundirfyrirspurn ::=	undirfyrirspurn
raðgildishöfundur ::=	raðgildihöfundareining (raðgildishöfundalisti) raðundirfyrirspurn
raðgildihöfundareining ::=	gildiorð núlltáknun venjulegtáknun
raðgildishöfundalisti ::=	raðgildihöfundareining [{ , raðgildihöfundareining}...]
samanburðarsegð ::=	raðgildishöfundur { = != < > <= >= } raðgildishöfundur
samskeyti ::=	tákngildiorð samskeytamerki táknþáttur
samskeytamerki ::=	!! áreksstur við viðkomandi <eða> tákn í þessu EBNF
sanngildi ::=	TRUE FALSE UNKNOWN

saqskilgreining ::=	töflustofnunarskipun innskotsskipun fyrirspurnarskilgreining töflueyðingarorð
kvarða ::=	formerkislausheiltala
einföldtafla ::=	fyrirspurnarskilgreining töflugildishöfundur orðtafla
kvarðaundirfyrirspurn ::=	undirfyrirspurn
SQLmálstákn ::=	einföldrómversktákn tala SQLsértákn
SQLsértákn ::=	bil !! löng röð annarra tákna, sjá skilgreiningu á „SQL special character“ í ISO/IEC 9075:1992 staðlinum, þar er um að ræða ritun tákns fyrir bil, vinstri sviga, prósent, kommu, tvípunkt o.s.frv.
strengurgildifall ::=	!! föllin SUBSTRING, UPPER, LOWER, CONVERT, TRANSLATE, TRIM
strengurgildiorð ::=	táknildiorð !! Ath. gildi fyrir bita sleppt
mengifalltáknun ::=	COUNT (*) almenntmengifall
mengifalltegund ::=	AVG MAX MIN SUM COUNT
mengjafjöldi ::=	DISTINCT ALL
leitarskilyrði ::=	boolesérheiti leitarskilyrði OR boolesérheiti
töfluheiti ::=	!! tækt heiti á töflu - má mest vera 18 stafir
töflustofnunarskipun ::=	CREATE [{GLOBAL LOCAL} TEMPORARY] TABLE töfluheiti (dálkskilgreining [{, dálkskilgreining}...])
töfluvísun ::=	töfluheiti [[AS] samnefni [(afleiddurdálkheitalisti)] afleiddtafla [AS] samnefni [(afleiddurdálkheitalisti)] tengdtafla
töflueyðingarorð ::=	DROP TABLE töfluheiti
töfluorð ::=	frásætning [parsemsetning] [flokkunarsetning] [meðsetning]
töfluundirfyrirspurn ::=	undirfyrirspurn
töflugildishöfundur ::=	VALUES raðgildishöfundur [{, raðgildishöfundur}...]
tákn ::=	SQLmálstákn
táknþáttur ::=	táknframtala
táknframtala ::=	gildiorðframtala strengurgildifall
táknframsetning ::=	::=tákn "
táknstrengslesgildi ::=	' [táknframsetning...] [{skili...' [táknframsetning...] }...]
táknildiorð ::=	táknþáttur samskeyti
sérheiti ::=	þáttur { sérheiti { * / } þáttur }
samsvarandilýsing ::=	CORRESPONDING [BY (dálkheitalisti)]
afleiddurdálkur ::=	gildiorð [[AS] dálkheiti]
afleiddurdálkheitalisti ::=	dálkheitalisti
afleiddtafla ::=	töfluundirfyrirspurn
segð ::=	samanburðarsegð millisegð ísegð líkindasegð núllsegð fjöldasamanburðarsegð leitarsegð stöksegð

orðtafla ::=	TABLE töfluheiti
úrvalslisti ::=	* úrvalsundirlisti [{, úrvalsundirlisti}...]
úrvalsundirlisti ::=	afleiddurdáلكur töfluheiti.*
undirfyrirspurn	(fyrirspurnarorð)
stöksegð ::=	UNIQUE töfluundirfyrirspurn
gildiorð ::=	tölulegtgildiorð strengurgildiorð dagtímigildiorð
gildiorðfrumtala ::=	formerkislausgildistáknun dálktilvísun mengifalltáknun kvarðaunderfyrirspurn (gildiorð)
ársgildi ::=	formerkislausheiltala !! sniðið CCYY notað

Nafngiftir, staðsetning og skráning á innihaldi vörslugáfunnar

A. Innihald vörsluútgáfu

1. Vörsluútgáfa af töflum hins rafræna gagnakerfis.
2. Skjöl, sé um að ræða rafrænt mála- og skjalavörslukerfi.
3. Almennar upplýsingar.
4. Lýsigögn.
5. Hjálpartöflur.

B. Almenn um nafngiftir skráa og skráasafna

1. Skrár og skráasöfn skulu nefnd í samræmi við ISO 9660:1988 þrep 1 staðalinn.

D-tákn notuð í ISO 9660:1988 þrepi 1 (hluti af DS/ISO 8859-1:1987):

	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	A	B	C	D	E	F
0																
1																
2	SP	!	"	#	\$	%	&	'	()	*	+	,	-	.	/
3	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	:	;	<	=	>	?
4	@	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K	L	M	N	O
5	P	Q	R	S	T	U	V	W	X	Y	Z	[\]	^	_
6	`	a	b	c	d	e	f	g	h	i	j	k	l	m	n	o
7	p	q	r	s	t	u	v	w	x	y	z	{		}	~	
8																
9																
A	^{NB} ^{SP} ¡	¢	£	¤	¥	¦	§	¨	©	^a	«	¬	-	®	¯	
B	°	±	²	³	'	μ	¶	·	¸	¹	°	»	¼	½	¾	¿
C	À	Á	Â	Ã	Ä	Å	Æ	Ç	È	É	Ê	Ë	Ì	Í	Î	Ï
D	Ð	Ñ	Ò	Ó	Ô	Õ	Ö	×	Ø	Ù	Ú	Û	Ü	Ý	Þ	ß
E	à	á	â	ã	ä	å	æ	ç	è	é	ê	ë	ì	í	î	ï
F	ð	ñ	ò	ó	ô	õ	ö	÷	ø	ù	ú	û	ü	ý	þ	ÿ

Leyfilegu táknin eru í hvítu reitunum.

2. Skrárheiti mega mest vera 8 stafir með viðskeyti sem ekki er lengri en 3 stafir (DOS-regla).
3. Heiti skráasafna mega ekki vera lengri en 8 stafir.

C. Almenn um staðsetningu skráa og skráasafna

1. Mismunandi hlutar vörsluútgáfunnar (sbr. viðauka 4, lið A) með undantekningu af *ARKVER.TAB* (sbr. viðauka 4, lið H) skulu geymdir í rótarsafni / rótarsöfnum með sérstöku vörsluútgáfunúmeri sem er úthlutað af Þjóðskjalasafni Íslands.
2. Krafan um geymslu í skráasafni sem dregur heiti af vörsluútgáfunúmeri tekur einnig til vörsluútgáfu sem afrita þarf á meira en einn geisladisk.

D. Vörsluútgáfa af töflum rafræna gagnakerfisins

1. Viðskeyti skráaheitanna skal vera ARK.
2. Afhendingaraðili skal sjálfur gefa töflum gagnakerfisins nöfn (sbr. viðauka 4, lið B).
3. Skipta má töflum þannig upp að þær nái til margra geisladiska ef farið er að eftirfarandi reglum:
 - a) Skipting töfluskraa skal vera við enda færslu og skiptu skrárnar skulu fá heiti með viðskeyti í hækkandi númeraröð; 001,002,003 o.s.frv.
 - b) Skrárnar þarf að skrá í hjálpartöfluna *FILMAP.TAB* (sbr. viðauka 4, lið H, nr. 9).

E. Vörsluútgáfa af skjölum úr rafrænum mála- og skjalavörslukerfum

1. TIFF-skjöl og hljóð og mynd

Skjöl á TIFF formi skulu hafa viðskeytið TIF.

Skjöl á MP3 formi skulu hafa viðskeytið MP3.

Skjöl á MPEG-2 formi skulu hafa viðskeytið MPG.

- a) Skrá eða skrár skjals skulu fá heiti í samfelldri númeraröð með 8 stafa númeri, byrja skal á 00000001 með viðskeyti formsins. Til dæmis heita skrár fyrir TIFF-skjal, sem er í tveimur single page TIFF-skrám, 00000001.TIF, 00000002.TIF. Hljóðskeið í MP3-skrá fær nafnið 00000001.MP3.
- b) Skrár skjals skulu settar í skjalamöppu sem dregur heiti af auðkennisnúmeri skjalsins.
- c) Skjalamöppurnar skulu settar í eina eða fleiri yfirmöppur.
- d) Yfirmöppurnar skulu fá einkvæmt heiti innan allrar vörsluútgáfunnar og þeim skal komið fyrir í rótarskráasafni vörsluútgáfunnar.
- e) Mest mega vera 5000 skjalamöppur í hverri yfirmöppu.
- f) Búa skal til hjálpartöflu (*DOKMAP.TAB*), sem lýsir tengslunum milli hvers skjals og staðsetningar þess á geymslumiðlunum, og afhenda Þjóðskjalasafni Íslands.

Í töflunni *DOKMAP.TAB* skulu vera eftirfarandi 3 dálkar (breiddin er tilgreind innan sviga)

Skjalsauðkenni(8)	Miðilsauðkenni(8)	Undirskráasafn(8)
Heiti eða auðkenni sem greinir hvert einstakt skjal frá öðrum.	Heiti geymslumiðilsins sem skjölin eru í raun geymd á.	Undirskráasafn sem skjölin eru geymd í.

2. Textaútgáfur af skjölum

- a) Textaútgáfur skjala skulu settar í möppur með heitinu TXTVER.
- b) Þessar textaútgáfur skulu draga heiti af skjölunum sem þær eru gerðar eftir (sama heiti og skjalamappan).
- c) Notað er viðskeytið TXT.

3. Skjöl yfir marga geisladiska (sýndardiska).
 - a) Skipta má skjölum á marga geisladiska (sýndardiska) ef staðsetningin er skráð í hjálpstöflunni *DOKMAP.TAB* og að öðru leyti er farið að reglum um skráaskipan (sbr. viðauka 4, lið E, nr. 1 f).
 - b) Skjalamöppum með textaútgáfum skjala má skipta á marga geisladiska (sýndardiska) ef þær eru skráðar í hjálpstöfluna *FILMAP.TAB*, fá heitið *TXTVER* og farið er að öðru leyti að reglum um skráaskipan (sbr. viðauka 4, lið H, nr. 9).
 - c) Einstaka skráum skjals (t.d. TIFF-skrá) má ekki skipta upp.

F. Almennar upplýsingar

1. Almennar upplýsingar um vörsluútgáfuna skulu vera geymdar í skráasöfnum (á sama þrepi) í rótarskráasafni vörsluútgáfunnar. Stofnunin sjálf skal gefa skráasöfnum með almennum upplýsingum heiti. Heiti og efni þessara safna skal skrá í *GENINFO.TAB*.

Í *GENINFO.TAB* skulu vera eftirfarandi 3 dálkar (breiddin er tilgreind innan sviga):

Miðilsauðkenni(8)	Skráasafn(8)	Lýsing(256)
Einkvæmt heiti miðilsins sem skráasafnið er á.	Heiti skráasafnsins sem viðkomandi skjal er í.	Lýsing á einstökum skjölum með almennum upplýsingum.

2. Aðeins má setja eitt skjal í hvert skráasafn.
3. Ef skjal er geymt sem multiple page TIFF-skrá eða stök single page TIFF-skrá, getur afhendingaraðili sjálfur gefið skránni nafn. Ávallt skal þó notast við viðskeytið TIF.
4. Ef skjal er geymt sem tvær eða fleiri single page TIFF-skrár, á að gefa skránum nöfn með hlaupandi númerum ásamt endingunni TIF. Dæmi: 00000001.TIF, 00000002.TIF o.s.frv.
5. Ef skjal er geymt á textaformi getur afhendingaraðili sjálfur ákveðið nafn á skrána. Ávallt skal þó notast við viðskeytið TXT.

G. Lýsigögn

1. Lýsigagnaskráin skal geymd í rótarskráasafni vörsluútgáfunnar á fyrsta geisladiskinum (sýndardiskinum).
2. Lýsigagnaskráin sem lýsir töflum vörsluútgáfunnar og venslum þeirra skal hafa heiti myndað af hinu einkvæma númeri vörsluútgáfunnar og viðskeytinu XML.
3. Lýsigagnaskránni má ekki skipta upp á fleiri geisladiska (sýndardiska).

H. Hjálpstöflur

1. Með hjálpstöflum er átt við:
 - a) *ARKVER.TAB*
 - b) *SKABER.TAB*
 - c) *GENINFO.TAB*
 - d) *DOKMAP.TAB*
 - e) *FILMAP.TAB*
2. Hjálpstöflur vörsluútgáfunnar, aðrar en *ARKVER.TAB*, skulu alltaf vera á fyrsta geisladiskinum (sýndardiskinum) og settar í rótarskráasafn.
3. Hjálpstöflur skulu gerðar með fastri lengd reita og nota gagnategundir sem lýst er í viðauka 2, lið B, og þær skulu fylgja stafastaðli samkvæmt viðauka 2, lið A.
4. Hjálpstöflum má ekki skipta upp á fleiri geisladiska (sýndardiska).
5. Í rót allra rafrænna miðla sem afhentir eru Þjóðskjalasafni skal vera taflan *ARKVER.TAB* sem tilgreinir hvaða vörsluútgáfa, eða útgáfur, er að finna á viðkomandi miðli.

Í *ARKVER.TAB* skulu vera eftirfarandi 7 dálkar (breiddin er tilgreind innan sviga):

Vörsluútgnr(8)	Afhteg(1)	Miðilsauðk(8)	Fyrriafhend(8)	Kerfisheiti (256)	Upphdags(8)	Lokadags(8)
Númer vörsluútgáfunnar/vörsluútgáfnanna sem er að finna á miðlinum.	Gildi sem tilgreinir afhendingartegund, eftir leiðbeiningum Þjóðskjalasafns Íslands (sjá töflu að neðan).	Einkvæmt nafn á miðlinum sem lýsigögn og hjálpertöflur vörsluútgáfunnar eru geymd á.	Vörsluútgáfunúmer á fyrri afhendingum.	Opinbert heiti kerfisins, þar sem leyst er úr öllum skammstöfunum.	Upphafsdagsetning afhentra gagna. Snið: ccyymmdd	Lokadagsetning afhentra gagna. Snið: ccyymmdd

Sviðið „Afhteg“ getur innihaldið eftirfarandi gildi:

Gildi	Merking
A	Vörsluútgáfa inniheldur gögn og hugsanlega skjöl þar sem skjalavörslufmabili er lokið í rafrænu dagbókarkerfi eða rafrænu mála- og skjalvörslukerfi þar sem ekki er lengur breytt eða bætt við gögnum.
B	Vörsluútgáfa inniheldur stöðuafrít af gögnum og hugsanlega skjölum úr rafrænu dagbókarkerfi eða rafrænu mála- og skjalavörslukerfi þar sem enn er verið að bæta við gögnum.
1	Vörsluútgáfa inniheldur staka afhendingu á gögnum úr skrá/gagnagrunni sem ekki er lengur breytt eða bætt við gögnum í.
2	Vörsluútgáfa inniheldur afhendingu frá einu ári (eða mörgum) úr skrá/gagnagrunni þar sem ekki er lengur breytt eða bætt við gögnum í afhentum árgöngum.
3	Vörsluútgáfa inniheldur afhendingu á stöðuafriti af gögnum úr skrá/gagnagrunni þar sem jafnóðum er bætt við og breytt gögnum (safnskrárafhending).

- Búa verður til hjálpertöflu, *SKABER.TAB*, með nöfnum skjalamyndara efnisins ásamt upphafs- og lokadagsetningu sem tilgreinir hvenær hver einstakur skjalamyndari byrjaði og lauk við að færa gögn inn í kerfið.

Í *SKABER.TAB* skulu vera eftirfarandi 3 dálkar (breiddin er tilgreind innan sviga):

Höfundur(256)	Upphafsdagsetning(8)	Lokadagsetning(8)
Nöfn allra sjálfstæðra skjalamyndara sem hafa fært gögn inn í kerfið. Hafi ekki allar einingar stofnunar notað kerfið eða ekki tekið það í notkun allar í einu, eru viðeigandi einingar tilgreindar sem skjalamyndarar. Eining getur verið deild, skrifstofa, svið eða þess háttar.	Dagsetningin þegar skjalamyndari byrjaði að færa gögn inn í kerfið. Snið: ccyymmdd	Dagsetningin þegar skjalamyndari hætti að færa gögn inn í kerfið. Snið: ccyymmdd

- Kröfum til forms og innihalds *GENINFO.TAB* er lýst í viðauka 4, lið F, nr.1.
- Kröfum til forms og innihalds *DOKMAP.TAB* er lýst í viðauka 4, lið E, nr.1 f.
- Í hjálpertöfluna *FILMAP.TAB* skal skrá allar töflur sem eru í vörsluútgáfunni, þ.m.t. hjálpertöflurnar *GENINFO.TAB*, *SKABER.TAB* og *DOKMAP.TAB*, ásamt skránni með lýsigögnunum.
Skráasöfn með textaútgáfum af skjölum skal einnig skrá í *FILMAP.TAB*, og skal nefna *TXTVER*.

Í töflunni *FILMAP.TAB* skulu vera eftirfarandi 2 dálkar (breiddin er tilgreind innan sviga):

Skrá(12)	Miðilsauðkenni(8)
Skrár- eða skráasafnsnafn	Einkvæmt nafn á miðli þar sem skrá eða safn er að finna

Skýringarmynd af skráasafns- og skráaskipan vörsluútgáfunnar



Afhendingarmiðill

- A. Þjóðskjalasafn Íslands ákveður hvaða miðil afhendingaraðili notar við afhendingu.
- B. Ef Þjóðskjalasafn ákveður að afhending fari fram á CD-R geisladiskum skal farið að eftirfarandi kröfum:
1. CD-R diskar sem notaðir eru til afhendingar skulu vera af vandaðri gerð. Diskarnir skulu vera annaðhvort 74 eða 80 mínútur að lengd og gagnamagnið má mest vera samsvarandi 650 MB eða 700 MB á CD-R. „Overburning“ má ekki eiga sér stað.
 2. Gögn skulu brennd í einni lotu (single-session CD-R) og ekki má nota „packet writing“.
 3. Diskarnir skulu merktir við brennslu með nafni, átta stafa löngu, samkvæmt tilmælum Þjóðskjalasafns.
- C. Ef afhendingin á sér stað á öðrum miðli en CD-R geisladiskum skal afhendingin skiptast upp í sýndar CD-R diska, þannig að hægt sé að skrifa gögnin beint á CD-R diska. Gagnamagnið má mest vera 700 MB á hverjum sýnardiski. Sýnardiskarnir skulu settir í skrásvæði með nöfnum með 8 tölustöfum samkvæmt fyrirmælum Þjóðskjalasafns Íslands.
- D. Þjóðskjalasafn getur ákveðið að afhending fari fram á USB tengdum hörðum diskum, svo kölluðum USB-diski. Nafngiftir á skrá og möppum sem afhent eru á USB-diski skulu fylgja sömu fyrirmælum sem lýst er fyrir afhendingu á CD-R geisladiskum.

Við afhendingu á USB-diski skal fylgja eftirfarandi kröfum:

1. Vörsluútgáfunni skal skipta upp í pakka (sýnardiska), þar sem hver fær sértækt miðilsauðkenni (sbr. viðauka 4 lið F) á þann hátt að hver pakki gæti verið settur á CD-R, og má því hver pakki vera að hámarki 700 MB. Nýta ber vel plássíð í hverjum pakka (sýnardiski) til að forðast að geymslurými fari til spillis.
2. Í rótinni á USB-diskinum skal setja hvern pakka sem möppu með sértæku miðilsauðkenni.
3. Í hverri möppu með miðilsauðkenni, skal setja fram innihaldið í samræmi við viðauka 4 ásamt leiðbeiningum sem fram koma hér.
4. Ekki eru gerðar kröfur um sérstaka nafngift á USB-diskinum.

